



## Reglur um heimgreiðslur í Sveitarfélaginu Vogum

### 1. gr.

Markmið reglna þessara er að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til barn er innritað hjá dagforeldri eða býðst leikskólapláss með heimgreiðslum til foreldra/forráðamanna barns. Auk þess að koma til móts við foreldra/forráðamenn eldri barna sem eru að biða eftir leikskólaplássi.

### 2. gr.

Foreldrum/forráðamönnum barna í Sveitarfélaginu Vogum er heimilt að sækja um heimgreiðslur, enda njóti þeir ekki annarra niðurgreiðslna vegna vistunar barns og eru að biða eftir leikskólaplássi.

Foreldrar/forráðamenn hafa rétt á að sækja um heimgreiðslur frá 12 mánaða aldri barns og þar til barn verður 30 mánaða. Greiðslur falla niður ef barn hefur nám í leikskóla eða fer til dagforeldris fyrir þann tíma.

#### Skilyrði fyrir greiðslum eru eftirfarandi:

1. Að foreldri / forráðamaður og barn eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Vogum.
2. Barn sé orðið 12 mánaða og ekki eldra en 30 mánaða.
3. Að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi í Sveitarfélaginu Vogum.
4. Hægt er að óska eftir heimgreiðslu vegna barna eldri en 30 mánaða á meðan beðið er eftir plássi í leikskóla í sveitarfélaginu Vogum og ekki er verið að greiða fyrir pláss annarsstaðar. Skilyrði er að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi í Sveitarfélaginu Vogum.

### 3. gr.

Sótt er um heimgreiðslur til foreldra/forráðamanna inni á Íbúagátt sveitarfélagsins. Gildistími heimgreiðslna miðast við næstu mánaðamót eftir að barn nær 12 mánaða aldri. Dæmi: Foreldri/forráðamaður barns sem er fætt 10. september 2023 getur sótt um greiðslur fyrir októbermánuð 2024 ef barnið er ekki hjá dagforeldri eða í leikskóla.

Reikningur greiðist eftir á fyrir nýliðinn mánuð. Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar. Mánaðarleg greiðsla miðast við almenna niðurgreiðslu hjá dagforeldrum fyrir 8 klst vistun og tekur breytingum í upphafi árs samhliða ákvörðun um gjaldskrárbreytingar.

Greiðslur falla niður þegar barni býðst leikskólapláss, byrjar í leikskóla eða byrjar hjá dagforeldri. Heimgreiðslur frá Sveitarfélaginu Vogum eru greiddar sem styrkur. Heimgreiðslur eru greiddar í allt að 11 mánuði á ári. Umsóknartímabil vegna heimgreiðslna er frá 20. til 19. hvers mánaðar. Því þurfa umsóknir fyrir t.d. marsmánuð að berast á tímabilinu 20. febrúar til 19. mars og greitt er í byrjun apríl.

Reglur þessar voru samþykktar í frvæðslunefnd 23.10.2023 og staðfestar í bæjarstjórn 29.11.2023.

Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri

